

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1589**

2022/EES/18/27

frá 22. júlí 2020

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 að því er varðar gögn um ný þung ökutæki sem aðildarríki og framleiðendur eiga að vakta og gefa skýrslu um (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 frá 28. júní 2018 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja ⁽¹⁾, einkum a- og b-lið 1. mgr. 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/956 eru tilgreind gögnin, sem aðildarríkin eiga að vakta og gefa skýrslu um, varðandi ný, þung ökutæki sem skráð eru í fyrsta sinn í Sambandinu.
- 2) Til að auðvelda samsvörun gagnanna, sem aðildarríki gefa skýrslu um fyrir hvert þungt ökutæki, við þau gögn sem framleiðendur gefa skýrslu um ættu aðildarríki að gefa skýrslu um viðbótarmælipætti varðandi tækniforskriftir ökutækjanna.
- 3) Svo hægt sé að sannreyna gæði gagnanna, sem framleiðendur þungra ökutækja gefa skýrslu um, ættu aðildarríki einnig að gefa skýrslu um þrykk af dulkóðuðu tæti af skrá framleiðandans yfir skráningar sem færðar hafa verið í samræmisvottorð ökutækisins.
- 4) Í 2. lið í B-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/956 eru tilgreind gögnin, sem framleiðendur eiga að vakta og gefa skýrslu um, varðandi hvert nýtt, þungt ökutæki.
- 5) Til að tryggja samræmda skýrslugjöf varðandi upplýsingar um framleiðendur íhluta, aðskilinna tæknieininga eða kerfa ætti að bæta við tilvísunum til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 ⁽²⁾.
- 6) Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að sannprófa gæði gagnanna, sem framleiðendur gefa skýrslu um varðandi koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun hreyfilsins ættu framleiðendur einnig að gefa skýrslu um gerðarviðurkenningsnúmer hreyfilsins.
- 7) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/956 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/956 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 360, 30.10.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 173, 9.7.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 frá 12. desember 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar þungra ökutækja og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 (Stjtíð. ESB L 349, 29.12.2017, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/956 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi ákvæðum g- til n-liðar er bætt við:

- „g) að því er varðar ökutæki, sem eru skráð til 30. júní 2021, ef upplýsingarnar eru fyrir hendi, og í öllum tilvikum að því er varðar ökutæki sem eru skráð frá 1. júlí 2021: smíðaprepið, eins og tilgreint er í valinni fyrirmynd að samræmisvottorðinu sem er í samræmi við 2. lið IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB,
- h) ökutækjaflokkur, eins og tilgreint er í færslu 0.4 í samræmisvottorðinu,
- i. að því er varðar ökutæki, sem eru skráð til 31. desember 2020, ef upplýsingarnar eru fyrir hendi, og í öllum tilvikum að því er varðar ökutæki sem eru skráð frá 1. janúar 2021: fjöldi ása, eins og tilgreint er í færslu 1 í samræmisvottorðinu,
- j) tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu, eins og tilgreint er í færslu 16.1 í samræmisvottorðinu,
- k) að því er varðar ökutæki, sem eru skráð til 31. desember 2021, ef upplýsingarnar eru fyrir hendi, og í öllum tilvikum að því er varðar ökutæki sem eru skráð frá 1. janúar 2022: þrykkið af dulkóðuðu tæti af skrá framleiðandans yfir skráningar, eins og tilgreint er í færslu 49.1 í samræmisvottorði ökutækisins; fyrir ökutæki, sem eru skráð til 30. júní 2025, er aðildarríkjum heimilt að gefa einungis skýrslu um fyrstu 8 rittákn dulkóðaða tætisins,
- l) að því er varðar ökutæki, sem eru skráð til 30. júní 2021, ef upplýsingarnar eru fyrir hendi, og í öllum tilvikum að því er varðar ökutæki sem eru skráð frá 1. júlí 2021: sértæk koltvísyringslosun, eins og tilgreint er í færslu 49.5 í samræmisvottorðinu,
- m) að því er varðar ökutæki, sem eru skráð til 30. júní 2021, ef upplýsingarnar eru fyrir hendi, og í öllum tilvikum að því er varðar ökutæki sem eru skráð frá 1. júlí 2021: meðalgildi farmþunga, eins og tilgreint er í færslu 49.6 í samræmisvottorðinu,
- n) dagsetning skráningar.“

2) Í B-hluta er 2. lið breytt sem hér segir fyrir ökutæki sem gefin er skýrsla um frá og með 2021:

a) Í stað færslna 24 og 25 kemur eftirfarandi:

Nr.	Vöktunarmælipættir	Heimild: I. hluti IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400, nema annað sé tilgreint	Lýsing
„24	Nafn og heimilisfang framleiðanda gírkassa	Liður 0.4 í fyrirmynd að vottorði fyrir íhlut, aðskilda tæknieiningu eða kerfi í 1. viðbæti við VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400	Meginforskriftir fyrir gírkassa“
25	Tegund (viðskiptaheiti gírkassaframleiðanda)	Liður 0.1 í fyrirmynd að vottorði fyrir íhlut, aðskilda tæknieiningu eða kerfi í 1. viðbæti við VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400	

b) Í stað færslna 32 og 33 kemur eftirfarandi:

Nr.	Vöktunarmælipættir	Heimild: I. hluti IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400, nema annað sé tilgreint	Lýsing
„32	Nafn og heimilisfang framleiðanda ása	Liður 0.4 í fyrirmynd að vottorði fyrir íhlut, aðskilda tæknieiningu eða kerfi í 1. viðbæti við VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400	Meginforskriftir fyrir ása“
33	Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda ása)	Liður 0.1 í fyrirmynd að vottorði fyrir íhlut, aðskilda tæknieiningu eða kerfi í 1. viðbæti við VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400	

c) Í stað færslna 39 og 40 kemur eftirfarandi:

Nr.	Vöktunarmæliþættir	Heimild: I. hluti IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400, nema annað sé tilgreint	Lýsing
„39	Nafn og heimilisfang hjólbarðaframleiðanda	Liður 1 í fyrirmynd að vottorði fyrir íhlut, aðskilda tæknieiningu eða kerfi í 1. viðbæti við X. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400	Meginforskriftir fyrir hjólbarða“
40	Tegund (viðskiptaheiti hjólbarðaframleiðanda)	Liður 3 í fyrirmynd að vottorði fyrir íhlut, aðskilda tæknieiningu eða kerfi í 1. viðbæti við X. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400	

d) Eftirfarandi færslu 101 er bætt við:

Nr.	Vöktunarmæliþættir	Heimild: I. hluti IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400, nema annað sé tilgreint	Lýsing
„101	Að því er varðar ökutæki með dagsetningu hermunar frá og með 1. júlí 2020: gerðarviðurkenn-ingarnúmer hreyfilsins	Liður 1.2.1 í viðbótinni við 5., 6. eða 7. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011, eftir því sem við á	Forskriftir fyrir hreyfil“